

## RE: Fegrun bæjarkjarna sumarið 2021

**Til** : Bryndís Ósk Jónsdóttir  
**Frá** : Jóhann Birkir Helgason <jbh@verkis.is>  
**Heiti** : RE: Fegrun bæjarkjarna sumarið 2021  
**Málsnúmer** : 2021020095  
**Málsaðili** : Ísafjarðarbær - hverfisráð  
**Skráð dags** : 04.05.2021 15:12:12  
**Höfundur** : Jóhann Birkir Helgason <jbh@verkis.is>

**Viðhengi** [image003.png](#)  
[image002.jpg](#)  
[image001.png](#)

### Stjórnarfundur Hverfisráðs (Íbúasamtakana) í Hnífsdal haldinn í barnaskólanum í Hnífsdal 3. maí 2021

Mættir eru Jóhann Birkir Helgason, formaður, Davíð Kjartansson, Ívar Mar Valsson og Sigríður Elsa Álfhildardóttir

#### Dagskrá:

##### 1. Sameiginlegur fundur íbúasamtakanna á Flateyri, Suðureyri, Þingeyri og Hnífsdal

Jóhann Birkir kynnti nefndarmönnum það sem fram kom á fundi hans og annarra íbúasamtaka um breytt fyrirkomulag þar sem núverandi fyrirkomulag er ekki að ganga upp.

Bæjarstjóri hefur boðað til fundar með íbúasamtökum í Hnífsdal, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri miðvikudaginn 5. maí kl. 10:30 til að fara yfir málin og hvað sé hægt að gera betur.

JBH kemst ekki á fundinn og Davíð mætir í hans stað.

##### 2. Almenn umhirða í Hnífsdal

Tekinn fyrir tölvupóstur frá bæjarritara Ísafjarðarbæjar dags. 13. apríl 2021 þar sem óskað er eftir að Hverfisráðið leggi fram tillögur um áherslur við fegrun og aðra sumarvinnu, s.s. hvar á að setja niður blóm, reita arfa, hvaða opnu svæði þarf helst að slá og málningarvinnu.

Hverfisráðið telja það ekki sitt hlutverk að ákveða hvaða staði skuli leggja áherslu á. Starfsmenn bæjarins hafa það hlutverk og er fullkunnugt um ástand húsa og umhverfis. Bent er á fundargerð frá 1. september 2020 þar sem bent var á hvaða svæði þyrfti almenna umhirðu í Hnífsdal.

Einungis eitt atriði hefur verið gert af þeim lista, gulmerkt hér að neðan.

- Almenn umhirða á blómabeðum við barnaskólann í Hnífsdal
- Ekki hefur verið skipt um gúmmí í sparkvöllinum sem var lofað fyrir rúmu ári síðan
- **Hækkun á grindverki við sparkvöllinn sem var lofað fyrir rúmu ári síðan**
- Endurnýja má skilti, mála gangbrautir ofl. eins og segir í umferðaröryggisáætlun.
- Yfirfara leiktæki við barnaskólann, Bakkaskjól og aparólu

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:00

#### Jóhann Birkir Helgason

Útibússtjóri / byggingartæknifræðingur | Branch Office Manager / Civil Engineer B.Sc.  
+354 422 8934 | 898 3772 | [jbh@verkis.is](mailto:jbh@verkis.is)

**From:** Bryndís Ósk Jónsdóttir  
**Sent:** þriðjudagur, 13. apríl 2021 13:51  
**To:** Hverfisráð Öfundarfjardar ; Hverfisráð Hnífsdals ; Hverfisráð Dýrafjarðar ; Hverfisráð Fjörður ; Hverfisráð Miðbær ; Hverfisráð Súgandafjardar  
**Cc:** Axel Rodriguez Överby  
**Subject:** Fegrin bæjarkjarna sumarið 2021

Sæl öll fulltrúar í hverfisráðum

Nú er farið að vora og því tíminn til að undirbúa sumarstörfin!

Eins og rætt hefur verið um á fundum með bæjarstjóra óskum við eftir tillögum ykkar að þeim svæðum í hverjum bæjarkjarna sem þið viljið að lögð verði áhersla á við fegrun og aðra sumarvinnu, s.s. hvar á að setja niður blóm, reita arfa, hvaða opnu svæði þarf helst að slá, er kominn tími á málningarvinnu o.fl.

Hver þekkir sinn heimabæ best og þætti okkur gott að fá ykkar innlegg við skipulagningu á sumarvinnu garðyrkjudeildarinnar og áhaldahúss. Matta mun sjá um allt skipulag, en endilega sendið mér línu og við munum gera okkar besta við að koma til móts við hugmyndir hverfisráðanna. Endilega sendið mér myndir/kort af umræddum svæðum til frekari skýringa.

Gott væri að fá tillögur ykkar fyrir **4. maí nk.**



**Bryndís Ósk Jónsdóttir**

**Sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs / bæjarritari**

Ísafjarðarbær - Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður

bryndis@isafjordur.is - [www.isafjordur.is](http://www.isafjordur.is) – s. 450 8000



JAFNLAUNAVOTTUN  
2020 - 2023